



Til allra sveitarfélaga

## DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 24. júní 2020  
Tilv.: DMR19100151/5.10.0

Samkvæmt 123. gr. c liðar laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, sbr. 14. gr. laga um framboð og kjör forseta Íslands nr. 36/1945, greiðir ríkissjóður nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna og kjörstjórna skv. 2. mgr. 15. gr. laga 24/2000, auk kostnaðar við húsnæði til kjörfunda, atkvæðakassa og önnur áhöld vegna kosninganna.

Að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hefur verið ákveðið að greiða sveitarfélögunum, vegna framangreindra kostnaðarþátta vegna kosninganna 27. júní 2020, sem hér á eftir greinir. Taka fjárhæðirnar mið af því að búast má við auknum kostnaði sveitarfélaga vegna sóttvarna sem grípa þarf til á kjörstöðum vegna COVID-19 farsóttarinnar.

1. Fyrir hvern kjósenda á kjörskrá eins og fjöldi þeirra var í lok kjördags skv. 27. gr. laga nr. 24/2000, 732 krónur.
2. Fyrir hvern kjörstað sem sveitarstjórn ákvað skv. 1. mgr. 68. gr. laga nr. 24/2000, 545.000 krónur.

Sveitarfélög geta óskað greiðslu á framangreindum kostnaði með því að senda dómsmálaráðuneytinu rafrænan reikning, auk upplýsinga, sem staðfestar eru af kjörstjórn sveitarfélagsins, um fjölda kjósenda og fjölda kjörstaða. Upplýsingar um rafræna reikninga er að finna á heimasíðu Fjársýslu ríkisins <https://www.fjs.is/fraedsla-og-verklagsreglur/rafrænar-reikningar/>

Fyrir hönd ráðherra

Bryndís Helgadóttir

Hjördís Stefánsdóttir

Ljósrit: Samband íslenskra sveitarfélaga

Bréf sent í tölvupósti.